



UMHVERFISSTOFNUN

Tæknifulltrúi
Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

Reykjavík 1. júní 2017
UST201704-120/K.S.J.
10.04.02

Efni: Fjallabyggð, aðalskipulag 2008 – 2029 tillaga að breytingu á Þormóðseyri

Vísað er til erindis tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028 á athafna- og hafnarsvæði á Þormóðseyri á Siglufirði.

Forsendur

Á uppdrætti kemur fram að breyta eigi aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008 – 2028 til samræmis við framkvæmdir sem fram hafa farið á hafnarsvæðinu á Siglufirði árið 2016. Einnig kemur fram að breytingar hafi verið gerðar á höfninni 2016 og hún hafi verið dýpkuð, og að úr uppgrefrinum hafi verið gerð landfylling norðan við Hafnarbryggju.

Breytingar á skipulagsuppdrætti

Í greinargerð kemur fram að nú sé hafnarsvæði lagað að núverandi hafnarbakka og að afmörkunin nái í sjó fram. Einnig kemur fram að landfylling stækkar úr 0,7 ha í 0,8 ha, hafnarsvæði á landi stækkar úr 2,7 ha í 3,1 ha og að afmarkað er nýtt athafnasvæði sem er 0,7 ha.

Umhverfisskýrsla

Í umfjöllun um efnistöku kemur fram að að magn dýpkunarefna hafi verið áætlað 80.000 m³ og að af því hafi 15.000 m³ verið af grófu efni sem nýttist í landfyllingu. Einnig kemur fram að 65.000 m³ af fínefni hafi verið losað í sjó við Sigrunes, og að haugsetning efnis í sjó hafi náð til 49.000 m² svæðis.

Umhverfisstofnun bendir á að sumt af því efni sem tekið er upp við dýpkun hafna (dýpkunarefni) getur verið mengað af þungmálum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengunarefnum.

Samkvæmt OSPAR samningnum um verndun haftrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda er óheimilt að varpa dýpkunarefni í hafið. Í 9. gr. laganna kemur þó fram að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að m.a. dýpkunarefnum sé varpað í hafið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Í umhverfisskýrslu segir að gerðar hafi verið efnarannsóknir á dýpkunarefninu og að styrkur þungmálma hafi verið undir mörkum og PDB rannsóknir sýndu engin vik, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 14. júlí 2016. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur ekki gefið umsögn um viðkomandi framkvæmd dags, 14. júlí 2016, enda þarf að sækja um leyfi Umhverfisstofnunar fyrir varpi í hafið. Umhverfisstofnun sendi Vegagerðinni bréf þann 23. nóvember þar sem fram kemur að lög voru brotin þegar dýpkunarefnum var varpað í hafið við Bæjarbryggju og fyrir utan Siglunes á síðasta ári.

Umhverfisstofnun bendir á að árið 2000 setti Hollustuvernd ríkisins fram leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og voru þær uppfærðar af Umhverfisstofnun í desember 2016. Ljóst er að skv. 9. gr ofangreindra laga sem hljóðar svo:

,, *Varp efna og lagning sæstengja og neðansjávarleiðslna.*

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn

Hafrannsóknastofnunar veitt leyfi til að eftirtöldum efnim og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,

b. náttúrulegum, óvirkum efnim, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnasfræðilega og samsett eru úr efnim sem óliklegt er að losni út í hafsvæðið,

c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Lagning sæstengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar“.

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Fjallabyggð ekki farið að lögum í ofangreindum dýpkunarframkvæmdum, þar sem ekki var sótt um leyfi fyrir varpi dýpkunarefna í hafið við Siglunes.

Að mati stofnunarinnar þarf að leiðréttu umhverfisskýrslu til samræmis við feril málsins. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að farið sé að lögum og reglugerðum í framtíðinni við förgun dýpkunarefna við framkvæmdir í Fjallabyggð.

Sú breyting á hafnarsvæði sem fram kemur í ofangreindri skipulagstillögu hefur þegar verið framkvæmd.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur